

Nr. 003 / 10 Brúarfoss**Skipverji slasast við fall**

IMO.nr. 8914568
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:

Slysaskýrsla frá skipi
Údráttur úr leiðarbók
Gögn RNS



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. ágúst 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. desember 2009 var Brúarfoss við bryggju í Immingham. Veður: Hægviðri og þurrt.

Skipverji stóð við gámastyttu (sjá mynd) yst á síðu stjórnborðsmegin á skipinu og var að sjóbúa gám á lúgu nr. 2. Var hann að setja gámastöng í gám í þriðju hæð þegar hann missti jafnvægið og féll með gámastönginni um 5 metra niður á bryggjuna. Hann var fluttur á sjúkrahús í Grimsby og í ljós kom að hann var brotinn á báðum ristum og baki.



Gula línan sýnir fallið sem var um það bil 5 metrar af skipinu niður á bryggjuna

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að sjóbúa gám í þriðju hæð á þilfari með því að setja gámastöng (*lashing bar*, *sjá mynd*) í ysta horn hans og stóð við það á gámastyttu alveg út í síðunni. Honum tókst ekki festa stangarendann í gatið í gámnum og missti stöngina til hliðar. Hann sleppti ekki takinu á henni fyrr en of seint en þá hafði hann missti jafnvægið og fallið í fríu falli niður á bryggjuna;



Gámastöngin á bryggjunni

- að skipverjinn var í sinni fyrstu ferð á skipinu og hafði verið 5 daga um borð. Hann hafði ekki verið áður á flutningaskipi og því óvanur þessari vinnu. Hann kvaðst hafa fengið góða tilsögn um meðferð þessara stanga og verið búinn að festa nokkrar áður en slysið varð;
- að gámastöngin er 4,20 metra löng og 32 kg að þyngd;
- að skipverjinn var búinn öllum öryggisbúnaði sem krafist var um borð;
- að eftir atvikið sendi útgerðin út dreifibréf til allra skipa félagsins og vakti athygli á þessari hættu auk mögulegra aðgerða til að koma í veg fyrir að svona gæti gerst aftur. Niðurstaðan var sú að hafist var handa við að setja vörn á gámastyttur (*sjá mynd*).



Vörn á gámastyttur

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að skipverjanum var gert að vinna starf við ófullnægjandi aðstæður.

Nefndin fagnar þeim aðgerðum sem útgerð skipsins framkvæmdi í kjölfar slyssins.